



10% aukning í kortaveltu í febrúar – alfarið innflutt notkun

Íslendingar fóru margir til útlanda í febrúar og jókst kortavelta alls um 10% milli ára. Vöxturinn var alfarið tilkominn vegna aukinnar neyslu hjá erlendum söluaðilum sem var tvöfalt meiri í febrúar í ár en í fyrra. Innanlands dróst kortavelta saman.

Samdráttur innanlands í fyrsta sinn síðan október 2020

Seðlabanki Íslands birti í morgun gögn um veltu innlendra greiðslukorta í febrúar.¹ Samanlagt jókst kortavelta um 10% milli ára miðað við fast gengi og fast verðlag. Þetta er annar mánuðurinn í röð sem aukningin mælist 10%. Alls nam velta tengd verslun og þjónustu innanlands 66 mö.kr. og dróst saman um 1% milli ára á föstu verðlagi. Kortavelta Íslendinga erlendis nam 15,5 mö.kr. og tvöfaldaðist milli ára miðað við fast gengi. Þetta er í fyrsta sinn síðan í október 2020 sem samdráttur mælist í neyslu Íslendinga innanlands.


Neysla í auknum mæli innflutt

Líkt og sést hefur á síðustu mánuðum er breyting að verða á vexti neyslunnar sem orsakast nú alfarið af aukningu í neyslu hjá erlendum söluaðilum. Neysla Íslendinga innanlands mælist engu að síður sterk, eða 5% meiri en í febrúar 2020, þrátt fyrir lítilsháttar samdrátt nú milli ára.

Brottfarir Íslendinga í gegnum Leifsstöð voru um 28.000 talsins í febrúar, eða tífalt fleiri en í febrúar í fyrra, og kemur því ekki á óvart að sjá kortanotkun Íslendinga erlendis aukast verulega. Aukningin (tvöföldun milli ára) er þó lítil miðað við aukninguna í ferðalögum. Þetta skýrist af því að netverslun færir sífellt í aukana og gerði það að verkum að neysla frá útlöndum datt aldrei niður, þrátt fyrir nær engin ferðalög þegar faraldurinn stóð sem hæst.


¹ Í þessari greiningu er litið til allrar greiðslukortaveltu í verslun og þjónustu innanlands (önnur viðskipti en í banka) og erlendis er litið til allrar kortanotkunar.

Greiðslukortavelta



Mánaðarleg gögn. Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Greiðslukortavelta og framlag innanlands og erlendis



Greiðslukortavelta í verslun hérlendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Vísendingar um kraftmikinn vöxt einkaneyslu á fyrsta ársfjórðungi

Samkvæmt nýlega birtum [þjóðhagsreikningum](#) Hagstofunnar jókst einkaneysla um 12,9% milli ára á fjórða ársfjórðungi sem er mesti vöxtur sem hefur sést á stökum ársfjórðungi síðan 2005.

Greiðslukortavelta jókst um tæp 19% milli ára á fjórðungnum og voru því væntingar um að vöxturinn yrði talsverður. Á fyrstu mánuðum þessa árs hefur kortavelta aukist um 10% og eru því væntingar um að neyslan haldi áfram aukast en vöxturinn verði fyrst og fremst tilkominn vegna aukningar í neyslu frá erlendum söluaðilum. Slík neysla hefur í raun lítil áhrif til aukins hagvaxtar þar sem áhrifin koma til frádráttar í auknum innflutningi.


Mesti vöxtur einkaneyslu síðan 2005

Alls jókst einkaneyslan um 7,6% milli ára í fyrra sem er mesti vöxtur sem hefur sést síðan 2005. Árið á undan mældist samdráttur upp á 2,9% vegna faraldursins og kemur því ekki á óvart að sjá einkaneyslu aukast nú. Viðsnúningurinn var þó mikill, meiri en við áttum von á þegar við spáðum fyrir um einkaneyslu í október. Einkaneysla mældist 4,4% meiri í fyrra en árið 2019, síðasta árið fyrir faraldur, sem sýnir okkur að neyslan fann sér farveg þrátt fyrir ýmsar takmarkanir og gott betur. Einnig hefur aukinn kaupmáttur og sparnaður þegar takmarkanir voru sem mestar stutt við neysluaukningu á síðari stigum faraldursins.

Einkaneysla á mann svipuð og árið 2007


Íslendingum hefur haldið áfram að fjölga síðustu ár og því eðlilegt að einkaneysla aukist einnig. Sé litid til þróunar á einkaneyslu á mann sést að hún jókst um 5,7% milli árána 2020 og 2021 og mældist svipuð í fyrra og var á árunum 2018 og 2019, fyrir faraldur. Einkaneysla á mann mældist hæst árið 2007 og hefur ekki aftur náð því stigi þó hún hafi komist nálægt því í fyrra, mældist einungis 1,2% minni að raunvirði. Minna er þó um yfirdráttarlán nú og innlán hafa aukist sem er til marks um að einkaneyslan er ekki skuldsett eins og hún var oft fyrir hrún.

Einkaneysla og greiðslukortavelta



*Janúar og febrúar. Greiðslukortavelta í verslun héraendis raunvirt með VNV án húsnæðis. Velta erlendis raunvirt með vísitölu meðalgengis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans.

Einkaneysla



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innlán og yfirdráttarlán heimila



Staða við lok hvers mánaðar núvrt með VNV án húsnæðis. Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.